



Stjórnarfundur haldinn 8. des. 2004 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Birgir, Sigurvin, Sveinn og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá UMFÍ v/tillögur sem samþykktar voru á sambandsráðsfundi 16. okt. 2004.

Bréf frá Hótel Örk og Cabin v/ tilboð á gistingu fyrir hópa.

3. Send bréf.

Engin

4. Jólblað Keflavíkur.

Jólblaðið var borið út um helgina 4. – 5. des og var borið út í Reykjanesbæ. Stjórnarmenn lýstu yfir ánægju sinni með blaðið. Blaðið er fjórum síðum stærra en árið áður eða þrjátíu og tvær síður.

5. Íþróttamenn Keflavíkur 2004.

Fresta varð ákvörðun um íþróttamann Keflavíkur þar sem aðeins þrjár deildir af sjö höfðu skilað inn nafni á sínum íþróttamanni/konu. Ákveðið að boða til aukafundar í næstu viku. Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við þær deildir sem eiga eftir að skila. Hófið verður 27. des í félagsheimil okkar kl. 20:00.

4. Önnur mál.

Verið er að athuga með kastaralýsingu utan á gaffli félagheimilis okkar. Stjórnarmenn lýstu yfir ánægju sinni með jólaljósun utan á félagsheimilinu.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 19:00.



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag fyrirmyndarfélag ÍSÍ

